

Umhverfisstofnun
Áb. <u>BS</u>
10 MARS 2004
<u>54.55</u>
Tilv. <u>UST20040300031</u>



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 24
101 Reykjavík, Iceland

Ph (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

9. mars 2004

Tilvísun: UST20040300031/bs

Sjóvörn á Óspakseyri: Suðurbakki og Norðurbakki, Broddaneshreppi. Tilkynning um matsskyldu.


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.


Hér er um að ræða gerð sjóvarnar á stað þar sem áður hefur verið reynt að hefta landbrot. Grjóti og bát hefur verið komið fyrir í fjörunni í því skyni og hefur fjörunni þegar verið raskað af þeim sökum. Efni um 900m³ verður tekið úr vegskeringu við þjóðveginn um 3 km norðan Óspakseyrar. Viðkomandi svæði er ekki á náttúruminjasrá og ekki er talið að þar sé að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta eiga verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur því ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Stofnunin vill benda á að koma ætti fram í útboðsgögnum lýsing á frágangi skeringar þar sem efnistaka er fyrirhuguð vegna framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst,


Björn Stefánsson


Helgi Jensson

Afrit: Oddur Pétursson, eftirlitsráðgjafi Ísafirði